



Banaslys 13.8.2007

Þorlákshafnarvegur
Útafakstur og velta
Látinn 41 ára karlmaður
Tími sólarhrings: Kvöld

Lýsing á slysi

Toyota fólksbifreið var ekið afar ógætilega út úr Hveragerði og suður Þorlákshafnarveg í björtu og þurru veðri. Að sögn vitna var hún á mikilli ferð og nokkrum sinnum nærri því að lenda í árekstri við önnur ökutæki. Rétt sunnan afleggjarans að Grímslæk missti ökumaðurinn stjórn á bifreiðinni um það leiti sem hún mætti annarri bifreið sem ekið var norður sama veg. Bifreiðin skreið til hliðar út af veginum og lenti útaf vinstra megin miðað við sína akstursstefnu. Bifreiðin valt nokkrar veltur, kastaðist yfir girðingu og endaði á toppnum. Frá þeim stað þar sem bifreiðin fór út af vegi og að fólksbifreiðinni mældust um 130 m.



Mynd tekin suður Þorlákshafnarveg. Sjá má för í vegkantinum eftir bifreiðina.

Við þetta kastaðist maðurinn út úr bifreiðinni. Hann var ekki spenntur í öryggisbelti. Öryggispúði í stýri sprakk út ásamt hliðaröryggispúða í bílstjórásæti. Bifreiðin endastakkst og fékk á sig högg að framan og aftan. Ökumaðurinn var einn í bifreiðinni og er talið að hann hafi látist samstundis.

Þar sem slysið átti sér stað liggur vegurinn í aflíðandi hægri beygju sé ekið til suðurs, vegurinn hallast um 5° inn í beygjuna og um 2° upp í móti. Breidd vegarins er 5,8 metrar og vegöxlin er um hálfur metri. Árdagsumferð á veginum er um 535 bílar á sólahring.

Samkvæmt bíltækniskoðun var bifreiðin í ágætu ásigkomulagi fyrir slysið. Skoðunin leiddi í ljós að einn höggdeyfir var ónýtur en það er ekki talið hafa haft áhrif á orsök þessa slyss.

Áfengis- og lyfjapróf leiddu í ljós að ökumaður bifreiðarinnar var mjög ölvaður þegar slysið átti sér stað.

Orsakagreining

- Ökumaður var mjög ölvaður
- Ökumaður fólksbifreiðarinnar ók á of miklum hraða
- Ökumaður var ekki spenntur í öryggisbelti

Ábendingar

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar fyrri ábendingar um skaðsemi ölvunaraksturs. Í þessu tilfelli var einnig um glannalegan hraðakstur að ræða og hefði getað farið verr ef árekstur hefði orðið við annað ökutæki eða óvarinn vegfarenda. Nefndin áréttar mikilvægi þess að aðstandendur tilkynni til lögreglu ef þeir verða varir við að einhver setjist undir stýri án þess að vera í ástandi til þess. Tafarlaust skal hringja í **112** í slíkum tilfellum því að mannlíf eru í húfi. Beinir nefndin því til Umferðarstofu að fjalla um þetta í fræðslu og áróðri til almennings.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar einnig hversu mikilvægt það er að vera spenntur í öryggisbelti þegar ferðast er um í bifreið. Niðurstöður fjölmargra innlendra og erlendra rannsókna um gildi bílbelta eru ótvíræðar. Bílbeltanotkun dregur úr líkum á meiðslum og dauðsföllum í umferðinni.

1.2.2008

Rannsóknarnefnd umferðarslysa